

Bláskógabyggð
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 16. nóvember 2023
UST202311-107/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 - Reykholt - verslunar- og þjónustusvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Reykholti.

Í greinargerð kemur fram að heimildir til uppbyggingar á Skólavegi 1 verði rýmkaðar, en svæðið er innan verslunar- og þjónustusvæðisins VP36. Heimilt verður að byggja allt að 120 herbergja hótél á 3 hæðum og þjónustubyggingar við það, s.s. veitingaaðstöðu. Auk þess mun afmörkun á verslunar- og þjónustusvæðunum VP34 og VP35 verða aðlöguð að færslu götunnar og einnig afmörkun á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu AF35. Einnig segir að svæði fyrir samfélagsþjónustu minnki lítillega þegar lóðinni Reykholtubrekku 4 verður breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri